



## Til hamingju, það er reikistjarna!



Þegar kona er ólétt fer hún í ómskoðun til þess að læknar geti skyggst inn í móðurlífið og kannað hvernig barnið þroskast. Stjörnufræðingar gerðu nýlega svipaðar athuganir á nálægri stjörnu – fyrir slysn! Þegar þeir skoðuðu gas- og rykskífu í kringum stjörnuna, komu þeir óvænt auga á reikistjörnu á fósturstiginu að þroskast! Þetta er í fyrsta sinn sem reikistjarna hefur sést svo snemma á ævi hennar. Myndin hér að ofan sýnir hvernig listamaður ímyndar sér að reikistjarnan lífi út í návígi.

Stjörnufræðingar kalla reikistjörnur fyrir utan sólkerfið okkar „fjarreikistjörnur“. Leitin að fjarreikistjörnum er eitt mest spennandi sviðið í stjörnufræði í augnablikinu. Um 850 fjarreikistjörnur hafa fundist hingað til en mjög sjaldgæft er að það náist að taka myndir af þeim. Það er vegna þess að reikistjörnur eru miklu daufari en stjörnurnar sjálfar og hverfa í birtunni frá stjörnunum. Þetta er eins og að reyna að sjá flugvél í fjarska fyrir framan sólina.

Sennilega hefur þessi unga stjarna eina reikistjörnu á braut um sig en hún er sex sinnum lengra frá henni en Jörðin er frá sólinni okkar. Nýja reikistjarna er meira en tíu sinnum fjarlægari! Og þótt reikistjarnan sú sé ung, er hún svo sannarlega ekki lítil – stjörnufræðingar áætla að hún sé álíka stór og Júpíter en Jörðin kæmist 1000 sinnum fyrir innan í honum!

Stjörnufræðingar telja að risareikistjörnur vaxi með því að fanga gas og ryk sem varð afgangs eftir að stjarnan myndaðist. Nýju athuganirnar styðja það: Reikistjarnan er djúpt innan í efnisskífunni umhverfis stjörnuna og margir staðir þar sem reikistjörnur og stjarnan víxilverka enn beint.

## COOL FACT

Stærsta fjarreikistjarna sem fundist hefur nefnist „CD-35 2722“. Sú risareikistjarna er meira en 10.000 sinnum stærri en Jörðin!

